

Reikningsskilaráð ríkisins

37. Fundur – 25. september 2019 kl. 08:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, Ólafur Hjálmarsson og Björn Þór Hermannsson
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 36. fundar samþykkt.

2. LOF lagabreyting, 52. og 54. gr.

Lögð var fram tillaga að lagabreytingu sem tekur út úr 52.gr. LOF að einstakir ríkisaðilar í A-hluta skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga og muni hljóða svona:

Reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs og ríkisaðila í A-hluta skulu gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn. Fjársýsla ríkisins setur nánari reglur um reikningsskil einstakra ríkisaðila í A-hluta. Reikningsskilaráð getur frestað tímabundið að taka upp hluta af stöðlunum, enda liggja til þess málefnalegar ástæður. Í ríkisreikningi skal gera grein fyrir hvaða atriðum staðalsins er ekki fylgt, ástæðum þess og áhrifum á afkomu og fjárhag.

Reikningsskil fyrir B- og C-hluta ríkissjóðs skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga, nr. 3/2006.

Jafnframt var eftirfarandi bókun samþykkt:

Ekki er gert ráð fyrir að einstaka ríkisaðilar og verkefni í A-hluta þurfi að uppfylla öll skilyrði staðla um framsetningu, skýringar og upplýsingagjöf heldur er fyrst og fremst verið að tryggja að reikningshaldið verði með samræmdum hætti án þess að það sé óþarflega íþyngjandi fyrir minni aðila. Miðað er við að Fjársýsla ríkisins marki reglur um reikningsskil og uppgjör ríkisaðila og verkefna í A-hluta sem verði byggðar á almennt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum

Ákveðið var að senda framangreinda tillögu og bókun til fjármála- og efnahagsráðuneytisins og óska eftir að það beitti sér fyrir að umræddar breytingar á LOF næðu fram að ganga.

3. GFS uppgjör Hagstofu og samanburður við séryfirlit 9 í ríkisreikning

Farið var yfir misræmi sem kom fram á milli GFS yfirlits sem birt var með ríkisreikningi 2018 og GFS afkomu Hagstofa Íslands birti um fjármál ríkissjóðs 2018. Ræddar voru leiðir til að fyrirbyggja að slíkt misræmi komi upp í framtíðinni.

4. Tekjuhópur, staðan.

Farið var yfir minnisblað þar sem rædd var meðferð vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar, gjalda fyrir veiðikort og gjald fyrir veiðileyfi hreindýragjalds. Jafnframt var rætt um tekjur Úrvinnslusjóðs og Fjármálaeftirlitsins sem vinnuhópurinn hefur haft til umfjöllunar. Gert er ráð fyrir að á næsta fundi ráðsins leggi vinnuhópurinn fram endanlegar tillögur sínar um meðferð tekna sem varða þessa aðila.

5. Innleiðingarætlun, næstu skref

Farið yfir stöðuna á innleiðingarætlun. Fjársýslan hefur byrjað vinnu við að rýna IPSAS staðlana sem eru alls 42 mtt þess að hve miklu leyti þeir hafa þegar verið uppfylltir, hvað er eftir og hverjir eiga ekki við hér á landi. Töluverð vinna sem stefnt er að því að ljúka á næstu mánuðum. Skýrt verður frá þessari vinnu í ráðinu í samræmi við framvindu verksins.

6. Önnur mál

- a. Uppskipting Íbúðalánasjóðs. Erindi á leiðinni.
- b. Lagt til að skoða COFOG flokkun út frá hvernig mismunandi aðilar eru að flokka hana. Á næsta fundi verður erindið mótað og sent til vinnuhóps reikningsskilaráðs.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 09:30.

Næsti fundur miðvikudaginn 13. nóvember kl. 09:00.